



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10.11. 2015  
Tilv. 40.13

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og á lyfjalögum, nr. 93/1944, með síðari breytingum (EES-reglur)**


Umsögn Landspítala – heilbrigðisþjónusta yfir landamæri.

Frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum frá því að það var lagt fyrir upphaflega í byrjun árs 2015. Snýr það helst að gr. 23 sem fjallar um lækni meðferð erlendis sem unnt er að veita hér á landi. Eins og greinin hljómar nú verða einu takmarkanir á endurgreiðslu kostnaðar vegna heilbrigðisþjónustu sem veitt er erlendis, en hægt er að veita hér á landi, bundnar í reglugerð sem er óskrifuð og ráðherra er ætlað að setja.

Það eru einkum þrjú atriði sem valda stjórnendum Landspítala áhyggjum í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er að hvergi kemur fram í frumvarpi með lögnum né í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem fylgja frumvarpinu, hvernig velferðarráðuneytið hyggst fjármagna heilbrigðisþjónustu þeirra sem velja að fá hana erlendis, þegar unnt er að veita hana hér á landi. Landspítalinn telur nauðsynlegt að tryggd verði að fjárveitingar til spítalans skerðist ekki af þessum sökum en slíkt myndi óhjákvæmilega hafa áhrif á öryggi sjúklinga. Annað atriðið snýr að fjárfestingum í tækjum, búnaði og mannskap sem spítalinn og heilbrigðiskerfið allt hefur fjárfest í og krefjast ákveðins lágmarks fjölda sjúklinga til að standa undir sér m.t.t. nýtingar og þjálfunar (gæðamál). Ísland er lítið land og til að viðhalda færni og hámarka nýtingu fjárfestinga er brýnt að halda sem mestum verkefnum innanlands nema öryggi sjúklinga liggi við eða skýr fjárhagslegur ávinningur sé af því að þjónusta sé veitt erlendis. Ef til kemur að ákveðin sérhæfð þjónusta leggist af t.d. vegna fækkunar sjúklinga ef ásókn verður í það að sækja þjónustuna til annarra landa, er hættu á að sérhæfing skerðist. Slíkt hefði áhrif á heildarframboð heilbrigðisþjónustu hér innanlands og myndi ótvírætt ógna öryggi landsmanna allra. Í þriðja lagi, þá er í ákveðnum tilvikum, mjög mikilvægt fyrir öryggi sjúklings til framtíðar, að samráð sé milli þjónustuveitanda erlendis annars vegar og hérlendis hins vegar. Þetta á til dæmis við ef ætlunin er að græða í sjúkling búnað (svo sem rafskaut eða gervilið) sem kallar eða getur kallað á frekara eftirlit eða inngríp hérlendis. Í þeim tilvikum þarf að tryggja að íslenskir veitendur þjónustunnar geti veitt nauðsynlega þjónustu þannig að sjúklingur neyðist ekki til að sækja frekari þjónustu erlendis vegna sama málsins – nema hann óski þess.

Allir þessir þrjú þættir eru stór hagsmunamál bæði hvað varðar nýtingu fjármagns og öryggi sjúklinga. Landspítalinn leggur áherslu á að tekið verði mið af þessum sjónarmiðum þegar reglugerð með breytingum á lögum um sjúkratryggingar 112/2008 verður samin.

Virðingafyllst,

  
Páll Matthíasson, forstjóri